

ERINDISBRÉF

fyrir öldungaráð Húnaþings vestra.

1. gr.

Stjórnskipuleg staða.

Öldungaráð starfar á fjölskyldusviði og heyrir undir sveitarstjórn Húnaþings vestra. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs, eða fulltrúi hans starfar með ráðinu.

2. gr.

Skipan ráðsins.

Á fjögurra ára fresti að afloknum sveitarstjórnarkosningum skal skipa í öldungaráð Húnaþings vestra. Öldungaráð er skipað sjö fulltrúum og jafnmörgum til vara. Sveitarstjórn tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara, Félag eldri borgara í Húnaþingi vestra tilnefnir þrjá aðalmann og þrjá til vara, sá sem er tilnefndur þarf ekki að vera félagsbundinn í félaginu og Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga einn aðalmann og einn til vara.

Öldungaráð kýs sér formann og varaformann á fyrsta fundi sínum nema sveitarstjórn ákveði annað. Formaður ráðsins stjórnar fundum og sér um að allt fari löglega fram. Formaður úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en úrskurði hans má skjóta til sveitarstjórnar.

Auk kjörinna fulltrúa eiga sviðsstjóri fjölskyldusviðs og sveitarstjóri eða staðgengill hans rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að boða aðra á fundi ráðsins til viðræðna um tiltekin málefni. Jafnframt skal öldungaráð leitast við að verða við beiðnum um fundarsetu annarra starfsmanna sveitarfélagsins, oddvita og formanni bygðarráðs vegna umfjöllunar um verkefni sem tengjast verksviði þeirra.

3. gr.

Hlutverk.

Öldungaráð er félagsmálaráði og sveitarstjórn Húnaþings vestra til ráðgjafar um málefni og hagsmuni þeirra íbúa í Húnaþingi vestra sem eru 60 ára og eldri. Öldungaráð starfar í umboði sveitarstjórnar Húnaþings vestra, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari og með vísan til 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 8. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra.

Hlutverk öldrunarráðs er eftirfarandi:

- Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um öldrunarþjónustu.
- Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru.
- Að koma skoðunum og tillögum íbúa 60 ára og eldri til viðeigandi aðila í stjórnkerfi Húnaþings vestra.
- Að gæta hagsmuna íbúa 60 ára og eldri um mál er snerta aldurshópin sérstaklega.
- Að efla tengsl hagsmunasamtaka hópsins og sveitarstjórnar með því m.a. að standa fyrir umræðu um þau mál sem geta verið til hagsbóta fyrir íbúa 60 ára og eldri.
- Að gera tillögur til félagsmálaráðs um stefnumörkun í málefnum íbúa 60 ára og eldri.

- Að taka til umfjöllunar þau mál sem nefndir eða ráð óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins.
- Að veita umsögn um framkvæmdaleyfi fyrir dagdvöl eða stofnun fyrir aldraða.

4. gr.

Starfshættir.

Í fjárhagsáætlun hvers árs skal ákvarða sérstaka fjárveitingu til verkefna öldungaráðs. Fjárveitingunni skal varið til þinghalds, útgáfu eða fræðslu.

Öldungaráð gerir starfsáætlun um verkefni sín í samræmi við úthlutað fjármagn fyrir næsta ár.

Öldungaráð starfar í samræmi við samþykktir Húnaþings vestra og siðareglur kjörinna fulltrúa í Húnaþingi vestra.

Um fundarsköp á fundum öldungaráðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarstjórnar Húnaþings vestra nr. 588/2019 eftir því sem við á hverju sinni.

Öldungaráð kemur saman fyrir luktum dyrum að jafnaði 2 svar á ári eða oftar ef þörf krefur að mati formanns og sviðsstjóra fjölskyldusviðs.

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs sér um að boða ráðið til fundar í samráði við formann ráðsins og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda ráðsins. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í ráðinu og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Formaður öldungaráðs stýrir fundum ráðsins í samræmi við ákvæði samþykktar um stjórn Húnaþings vestra nr. 564/2013. Að öðru leiti gilda almennar reglur um fundarsköp félagasamtaka.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Fundargerð skal skrá í gerðabók og í tölvu. Í gerðabók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitja hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu ráðsins. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Fundargerðir ritar sviðsstjóri fjölskyldusviðs eða staðgengill hans og sjá þeir einnig um, að fundi loknum að koma fundargerðum til sveitarstjóra sem leggur þær fram á næsta fundi sveitarstjórnar.

Öldungaráði er heimilt að koma með tillögur til sveitarstjórnar, þ.m.t. tillögur um fyrirkomulag og skipulag öldrunarþjónustu. Slíkar tillögur eru þá teknar fyrir sem erindi til sveitarstjórnar. Fundargerðum kemur formaður ráðsins strax að fundi loknum til sveitarstjóra og sér hann um að þær verði lagðar fram til kynningar með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar. Formaður eða sviðsstjóri sendir fundarmönnum afrit af fundargerð ráðsins.

5. gr.
Réttindi og skyldur.

Um réttindi og skyldur fulltrúa í öldungaráði gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktar um stjórn Húnaþings vestra nr. 588/2019.

Fulltrúa í öldungaráði er skylt að sækja fund nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann ráðsins eða sviðsstjóra fjölskyldusviðs vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi í ráðinu á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann upplýsingum um efni þess til sviðsstjóra fjölskyldusviðs a.m.k. þremur sólahringum fyrir fund.

Fulltrúar í ráðinu skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Húnaþings vestra í atkvæðagreiðslu um málefni í öldungaráði.

Fulltrúar í ráðinu eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir ráðið og eiga að fara leynt samkvæmt lögum, eðli máls eða samþykktum 2/3 hluta fulltrúa í ráðinu, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskyldan helst þó nefndarsetu ljúki.

Gæta skal sérstaklega að því að unnið sé í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018

Fulltrúar í ráðinu skulu kynna sér vandlega lagareglur um hæfi til afgreiðslu einstakra mála. Fulltrúa í ráðinu sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber vekkja athygli á því og ef við á vikkja af fundi við umræðu og afgreiðslu máls.

6. gr.
Þóknun

Þóknun fyrir setu í öldungaráði er sú sama og greitt er fyrir fastanefndir fyrir hvern setinn fund. Greiðslur fyrir ferða- og uppihaldskostnað á fundum eða ráðstefnum utan Húnaþings vestra þarf að sækja um og fá samþykkt áður en til kostnaðar er stofnað. Ekki er greitt fyrir akstur á fundi innan Húnaþings vestra.

Samþykkt á 312. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 9. maí 2019